

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** Raforkuhópur 2003-03  
**Fundartími:** Þriðjudagur 8. apríl 2003 kl. 13:30  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9  
**Fundarefni:** 1) Notkunarflokkar raforku 2002.  
2) Gögn um afl.  
3) Almennar forsendur raforkuspár.  
4) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson  
Agnar Árnason  
Sigurður Ágústsson  
Ívar Þorsteinsson  
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson

- 1) JV sagðist að ennþá vantaði notkunarflokka frá Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Reyðarfjarðar. Veiturnar fengu yfirlit um notkun síðustu 9 ára á sínum svæðum með nokkrum athugasemdum. ÍP ætlar að athuga af hverju notkun í byggingarstarfsemi er mikil hjá Orkuveitu Reykjavíkur á síðasta ári. Hugmynd kom upp um að ekki hefði verið breytt merkingu á mælum í Smáralind. GG ætlar að athuga með athugasemdir við Rarik gögn þar sem þar sem heildartalaan þar er of há.
- 2) JV sagðist hafa fengið aflagögn frá Rarik í lok síðustu viku. Hitaveita Suðurnesja var komin áður. Gögn Landsvirkjunar eru ekki komin (komu daginn eftir fundinn). Ekki komin gögn Orkuveitu Reykjavíkur og ætlar Ívar að athuga með þau. Nokkur umræða varð um gögn frá Svartsengi og Nesjavöllum og þau vandmál sem þar eru vegna þess að annað hvort er um augnabliksgildi að ræða eða klukkur stemma ekki. Koma þarf öllum gögnum í sama horft til að full hagnýting fái af þeim.

- 3) JV sagði að unnið hefði verið að söfnun gagna og samantekt varðandi fiskeldi vegna jarðvarmaspár og IB fór yfir þann þátt. IB nefndi að miklar hugmyndir væru uppi um verulega aukið eldi sérstaklega varðandi þorsk og vísaði í skýrslu AVS hóps á vegum sjávarútvegsráðherra. IB hafði útbúið spá sem var verulega lægri en þar kemur fram og menn væru sammála um að væri líklegri. Hann benti á að miðað væri við að eldið væri í sjókvíum og því lítil raforkunotkun nema við seiðaeldið. Hann benti þó á raforkunotkun við vinnslu afurða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:30. Næsti fundur ákveðinn 6. maí 2003.

---

Jón Vilhjálmsson